

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 19. apríl 2005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um gæðamat á æðardúni.

Æðarræktarfélagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um gæðamat á æðardúni, 670 mál, heildarlög.

Stjórn ÆÍ fjallaði um ofangreint frumvarp á fundi sínum hinn 15. apríl 2005 og leggur eindregið til að það verði samþykkt í óbreyttri mynd eins og það var lagt fram.


Jafnframt vill stjórn ÆÍ minna á að fram komið frumvarp er samhljóða eldri lögum að því undanskyldu að verið er að laga lögin að þeim athugasemdum sem fram hafa komið frá Eftirlitsstofnun EFTA.

Það skal ítrekað að hér er um grundvallarlöggjöf að ræða, sem tryggir gæðaeftirlit með íslenskum æðardúni. Gæðaeftirlit sem erlendir kaupendur þekkja og reikna með. Eftirspurn eftir íslenskum æðardúni, og hið góða verð sem fæst fyrir hann erlendis, byggir ekki hvað síst á þeim gæðum sem íslensk lög hafa tryggt. Svo þarf að vera áfram.

Áhugi æðarbænda og annarra á að vinna vörur úr æðardúni hérlendis, beint í endanlegt form fyrir neytendur, er annað og óskylt mál sem vinna þarf að eftir öðrum leiðum. Lög um gæðamat hérlendis eru vissulega jafn mikilvæg þótt sú leið verði farin í auknum mæli í framtíðinni.

Virðingarfyllst,

f.h.stjórnar ÆÍ


Jónas Helgason, formaður